

## Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundardagskrá 30. maí 2019

12. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 20.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir.

### Dagskrá:

#### 1. Samstarfssamningur milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps

Endurskoðuð drög að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna tveggja lögð fram. Næsti fundur í samstarfsnefnd sveitarfélaganna hefur verið boðaður föstudaginn 31. maí.

#### 2. Persónuverndarstefna Akrahrepps

Drög að persónuverndarstefnu Akrahrepps lögð fram til samþykktar.

*Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir persónuverndarstefnuna.*

#### 3. Grunnskóli og leikskóli Varmahlíð

Lögð fram úttekt frá Gunnari Gíslasyni um rekstur og starfssemi grunn- og leikskóla í Varmahlíð.

#### 4. Erindi frá Vegagerðinni varðandi vegaframkvæmdir á Þjóðvegi 1 á Öxnadalshéiði

Lagt fram erindi frá Vegagerðinni varðandi endurbætur á Þjóðvegi 1 á Öxnadalshéiði.

*Hreppsnefnd Akrahrepps leggst algjörlega gegn því að ristahlíð á Þjóðvegi 1 á Öxnadalshéiði norðanverðri verði fjarlægð. Hreppsnefnd vísar til fyrri bókana, varðandi sama mál, frá 10.10.2017, 06.12.2017 og frá 19.03.2019.*

#### 5. Erindi frá undirbúningsnefnd afmælishátíðar sundlaugarinnar í Varmahlíð

Lagt fram bréf frá undirbúningsnefnd þar sem óskað er eftir styrk vegna afmælishátíðar sundlaugarinnar sumarið 2019.

*Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir að styrkja afmælishátíðina um 70 þúsund krónur.*

#### 6. Erindi frá Ungmennafélaginu Smáranum

Stjórn Smárans óskar eftir fundi með hreppsnefnd Akrahrepps til þess að ræða málefni íþróttafélagsins.

*Oddvita falið að bóka fundartíma með ungmennafélaginu.*

#### 7. Erindi frá húsverði Héðinsminnis

Lögð fram viðskiptaáætlun fyrir Héðinsminni, þjónustumiðstöð. Viðskiptaáætlunin var unnin í Ræsingu Skagafjarðar af Herdísí Sigurðardóttur, húsverði. Húsvörður óskar eftir fundi með hreppsnefnd til að ræða viðhald og framtíðarnotkun hússins.

*Oddvita falið að bóka fund til að ræða málefni Héðinsminnis.*

**8. Erindi frá stjórn foreldrafélags Birkilundar – 20 ára afmælishátíð**

Stjórn foreldrafélags leikskólans Birkilundar óskar eftir styrk frá svf. Akrahreppi til að kaupa kubbasett inn á eina af deildum leikskólans.

*Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir að styrkja foreldrafélagið um 56.000 kr.*

**9. Önnur mál**

Hér undir skýrsla oddvita.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 10:00